

## Sjövörn við Jökulsárlón, Sveitarfélaginu Hornafirði

### Ákvörðun um matsskyldu

#### 1 Inngangur

Þann 10. júlí 2023 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um sjövörn og færslu Hringvegur um Jökulsárlón, Sveitarfélaginu Hornafirði, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 og 10.18 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Vatnajökulspjóðgarðs, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Hringvegur (1-3) sjövörn og færsla Hringvegur við Jökulsárlón, Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu. Hönnunardeild og Austursvæði Vegagerðarinnar. Júlí 2023.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Sveitarfélaginu Hornafirði dags. 10. ágúst 2023.
- Vatnajökulspjóðgarði dags. 15. september 2023.
- Minjastofnun Ísland dags. 11. ágúst 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 11. ágúst 2023.
- Samgöngustofu dags. 13. júlí 2023.
- Umhverfisstofnun dags. 25. júlí 2023.
- Veðurstofu Íslands dags. 3. ágúst 2023.

Einnig bárust umsagnir frá Landsneti dags. 2. ágúst 2023 og Mílu dags. 11. júlí 2023.

Ekki barst umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 14. júlí, 30. ágúst og 29. september 2023.

Upphafleg tilkynning Vegagerðarinnar tók til færslu Hringvegarins við Jökulsárlón auk byggingar sjóvarnar við sjávarströndina. Við meðferð málsins komu fram frekari upplýsingar í tengslum við færslu vegarins sem þörfuðust nánari skoðunar. Óskaði Vegagerðin í kjölfarið eftir því að tekin yrði matsskylduákvörðun um sjövnarna eingöngu. Sjövnarnin er nauðsynleg til að verja núverandi veg fyrir ágangi sjávar og mikilvægt að hefja framkvæmdir sem fyrst. Tímasetning á færslu Hringvegarins liggur ekki fyrir en framkvæmdin er ekki á samgönguáætlun. Skipulagsstofnun féllst því á þá beiðni Vegagerðarinnar og tekur þessi ákvörðun eingöngu til sjóvarnarinnar.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu 250 m langs sjóvarnargarðar meðfram sjónum við Jökulsárlón, þar sem núverandi Hringvegur liggur næst honum og sjávarrof hefur verið mest á seinustu árum. Sjövnarnin verður staðsett þar sem ströndin er komin næst vegi, aðeins 30-35 m frá



sjávarbakkannum að vegöxl. Tilgangur sjóvarnarinnar er að verja sjávarbakkann og lengja þann tíma sem tekur ströndina að rofna upp að vegi. Efnisþörf fyrir sjóvörnina er áætluð 7.000 m<sup>3</sup> og verður það tekið úr námu E-63, Breiðanámu, sem er um 12,5 km frá verkstað, sunnan megin við Jökulsárlón.



Fyrirhugað sjóvörn við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi

Ef rofálag verður þar sem ströndin er næst vegi og það verða óhagstæð ár með miklu rofi, þarf ekki að líða langur tími, eða 2-4 ár, áður en fjörubakkinn verður kominn að núverandi Hringvegi. Strandvörn á að lengja tímann sem tekur fyrir fjörubakkann að ná upp að vegi en kemur ekki í veg fyrir það.

## 4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

### Verndarsvæði

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé innan Vatnajökulspjóðgarðs og innan hans gildi Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, Breiðamerkursandur sé eina strandsvæðið innan þjóðgarðsins. Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis séu engar jarðmyndanir sem falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga, hins vegar njóti framkvæmdasvæðið verndar Vatnajökulspjóðgarðs og þar með allar jarðmyndanir innan þess. Svæðið frá Breiðamerkursandi að Fagurhólsmýri í vestri sé skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og Breiðamerkursandur sé á b-hluta náttúruinjaskrár vegna skúma og helsingjavarps. Svæðið sé einnig skilgreint sem IBA svæði (alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði) af Alþjóðlegu fuglaverndunarsamtökunum en á sandinum sé eitt helsta skúmavarp landsins og stærsta helsingjavarp Íslands. Skúmur á Breiðamerkursandi uppfyllir skilyrði um alþjóðleg verndarviðmið og hefur hann verið skráður á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands síðan haustið 2018 í bráðri hættu. Skúmur sé friðaður samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Búsvæði fugla séu helst við ströndina en einnig í litlum votlendisblettum, ám og lækjum



á svæðinu. Í stjórnunar- og verndaráætlun kemur fram að stofnar skúms, kríu og helsingja séu vaktaðir á svæðinu og ljóst þykir að staða skúmsins sé slæm og mikilvægt að gæta þess að umsvif mannsins á Breiðamerkursandi auki ekki á vanda hans. Skúmurinn verpi um nær allan Breiðamerkursand en almennt sé það mun þéttara nær sjónum.

Vegagerðin lét Náttúrustofu Suðausturlands gera úttekt á válistafuglategundum vegna framkvæmdanna með það að markmiði að kortleggja varp skúms og helsingja á áhrifasvæði framkvæmdarinnar og finna hvar það væri þéttast á svæðinu milli Jökulárslóns og strandarinnar. Úttektin leiddi í ljós að ekkert varp sé á svæðinu þar sem sjóvörnin sé fyrirhuguð.

Við framkvæmdina verði rask á fjörunni á stuttum kafla en fjaran falli undir brimasamar sandfjörur með fáskrúðlegt lífríki og hún hafi lágt verndargildi. Á framkvæmdatíma verði gætt að meðferð mengandi efna og sett ströng skilyrði um aðgæslu við notkun þeirra í útboðsgögnum. Vatnspéttir dúkar verði meðal annars notaðir undir áfyllingasvæði og þar sem geyma eigi hættuleg efni.

Í umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs koma fram miklar áhyggjur af þungaflutningum yfir brúna við Jökulsá á Breiðamerkursandi. Brúin sem sé einbreið, sé í dag einn mesti flöskuhálsinn í umferð á svæðinu. Vatnajökulsþjóðgarður hvetji Vegagerðina til þess að huga að umferð um brúna og fara í mestu þungaflutninga að næturlagi þegar umferð sé minni.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að kannað verði hvort mögulegt sé að efnisflutningar verði utan háannatíma.

### **Landslag og ásýnd**

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að skv. skýrslu Eflu sem unnin var fyrir Skipulagsstofnun um flokkun og kortlagningu landslagsgerða á landsvísu, tilheyrir framkvæmdasvæðið Breiðamerkursandi þ.e. flatt landform með grófum sandi sem þeki yfirborðið og sé að hluta til mosi vaxið. Jökulár og lækir renni um sandanna og Jökulsárlón við rætur Breiðamerkurjökuls nái langleiðina til sjávar. Byggð sé engin innan svæðisins en um það liggja þjóðvegur 1. Núverandi Hringvegur liggja um Breiðamerkursand og brú á Jökulsá standi uppúr landslaginu. Landslagið á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé einsleitt, opið og með útsýni til fjalla og jökla. Landinu hafi þegar verið raskað með vegagerð, bílastæðum, lagningu jarðstrengja og raflína. Breiðamerkurjökull og útfall hans hafi mótið landið á síðustu öldum og geri enn.

Sjóvörnin í fjörunni austan Jökulsár muni breyta landslaginu við sjávarbakkann, en hún sé það langt frá Jökulsá að hún muni hafa óveruleg áhrif á t.a.m. upplifun ferðamanna á svæðinu.

### **Náttúruvá**

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 sé svæði í Öræfum undir náttúruvá vegna jökulhlaupa og hugsanlegra gjóskuflóða samfara eldsumbrotum í Öræfajökli. Í viðauka við Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs komi fram að örar breytingar og andstæður séu einkennandi fyrir Breiðamerkursand en bæði jöklarnir og hafið hafi mikil áhrif á landmótun og séu undirrot sívirka ferla. Jökullinn hafi skorið fjöllin og rutt görðum. Jökulár hafi flæmst um og skilið eftir sig aura og sanda. Ummerki um stórhlaup og eldvirkni séu greinileg og samspil elds og íss marki ásýnd svæðisins.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé mikil hættu á náttúruvá. Stöðugar breytingar séu á Breiðamerkursandi, bæði vegna ágangs sjávar og eins vegna hörfunar jökulsins. Þær aðgerðir sem hér séu kynntar séu til að sporna við breytingum og telja til aðlögunaraðgerða vegna áhrifa loftlagsbreytinga. Framkvæmdin miði að því að auka öryggi á svæðinu m.a. með tilliti til náttúruvár því samgöngur verði öruggari. Framkvæmdaraðili telur framkvæmdina hafa jákvæð áhrif á náttúruvá á svæðinu því hún muni draga úr hættu á að Hringvegurinn lokist vegna sjávarrofs við ströndina.



## 5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-20230 og deiliskipulags Jökulsárlóns.

Framkvæmdin er í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs.

Starfsleyfi þarf frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands vegna vinnslu jarðefna skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sem og þjóðgarðsyfirvöldum Vatnajökulspjóðgarðs í samræmi við skipulagslög og lög um Vatnajökulspjóðgarð.

Leyfi þarf frá Landsnet vegna vinnu í nálægð við flutningsvirki í rekstri.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða byggingu 250 m langrar sjóvarnar meðfram sjónum við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi þar sem núverandi Hringvegur liggur næst sjávarbakkanum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.18 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### **Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengunar, og ónæðis sem varða framkvæmdina sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er lítil að umfangi þar sem um er að ræða byggingu 250 m langrar sjóvarnar meðfram sjónum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að koma í veg fyrir að ágangur sjávar taki í sundur Hringveginn við Jökulsárlón. Efni fyrir framkvæmdina verður fengið úr viðurkenndri námu E-63 í nágrenni framkvæmdasvæðisins, sunnanmegin við brúna yfir Jökulsárlón. Vegagerðin ætli að kanna hvort unnt verði að flytja efni utan háannatíma og telur Skipulagsstofnun það æskilegt.

Framkvæmdasvæðið er innan Vatnajökulspjóðgarðs og er svæðið á náttúruminjaskrá nr. 635 vegna mikils og sérstæðs gróðurs, auðugs fuglalífs og sela. Breiðamerkursandur er einnig skilgreint sem IBA svæði af Alþjóðlegu fuglaverndunarsamtökunum vegna skúma og helsingjavarps en skúmur er friðaður samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Mikilvægt er að framkvæmdir við sjóvörnina fari fram utan varptíma fugla á svæðinu og þess gætt að umsvif mannsins við framkvæmdirnar á Breiðamerkursandi auki ekki á vanda skúms og helsingja á svæðinu.



Sjónvörnin verður lítt greinanleg frá Jökulsárlóni og helstu ferðamannastöðum vegna fjarlægðar en mun setja svip sinn á fjöruborðið austan Jökulsár. Skipulagsstofnun telur afar brýnt að gengið verði frá framkvæmdasvæðinu í lok framkvæmda þannig að ummerki þeirra verði í algjöru lágmarki og verndargildi svæðisins rýrni ekki vegna framkvæmdanna.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 9. nóvember 2023.

Reykjavík, 9. október 2023

Egill Þórarinsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

